

157. löggjafarþing 2025–2026.

Þingskjal x — x. mál.

Stjórnarfrumvarp.

Frumvarp til laga

um menningarframlag streymisveitna til eflingar íslenskri menningu og íslenskri tungu.

Frá menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra.

1. gr.

Markmið.

Streymisveitur skulu greiða árlegt menningarframlag af seldri þjónustu sinni hér á landi. Með menningarframlagi er stefnt að því að efla íslenska menningu og íslenska tungu með því að styðja við og hvetja til framleiðslu á nýju, innlendu efni í skilningi laga þessara.

2. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- Bein fjárfesting* er fjárfesting í framleiðslu, samframleiðslu eða sýningarréttindum eða samsvarandi í nýju innlendu efni.
- Fjölmiðill* er aðili sem veitir fjölmiðlaþjónustu með reglubundnum hætti, sbr. skilgreiningu hugtaksins í 2. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011.
- Fjölmiðlaþjónusta* er þjónusta þar sem megintilgangur eða aðskiljanlegur hluti hennar er tileinkaður miðlun á efni, undir ritstjórnarlegri ábyrgð fjölmiðilsins, til almennings í þeim tilgangi að upplýsa, fræða eða skemmta.
- Innlent efni* eru nýjar leiknar kvikmyndir, stuttmyndir, leikið sjónvarpsefni og heimildamyndir, sem hafa íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun eða þar sem meira en helmingur talmáls er á íslensku og efni uppfyllir þar að auki aðra af eftirfarandi kröfum.

a. 50% eða hærra hlutfall framleiðslukostnaðar fellur til hér á landi.

b. 50% eða hærra hlutfall af upptökum viðkomandi myndefnis fer fram hér á landi.

Fréttir, útsendingar frá íþróttaviðburðum, leikja- og skemmtidagskrá, auglýsingar, textavarpþjónusta eða fjarkaup, telst ekki til innlands efnis.

- Menningarframlag* er skattur af heildartekjum streymisveitna af sölu áskrifta hér á landi.
- Myndmiðlun eftir pöntun* er þjónusta sem streymisveita býður, án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins þannig að notandi getur horft á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kýs, að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár streymisveitu.
- Nýtt efni* vísar til þess að framleiðsla eða samframleiðsla, sbr. 1. tölul., standi yfir eða hafi lokið á yfirstandandi eða næstliðnu almanaksári. Fjárfesting í sýningarréttindum vegna efnis sem er eldra en þriggja ára telst ekki til fjárfestingar í nýju efni.

8. *Ritstjórn* felur í sér stjórn á vali og skipan þess efnis sem miðlað er, sbr. skilgreiningu hugtaksins í 2. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011.
9. *Streymisveita* er fjölmiðill sem lýtur ritstjórn og þar sem notendur geta nálgast myndefni sem miðlað er eftir pöntun, þegar þeim hentar, halað efninu niður eða streymt því á netinu.

3. gr.

Skattskyldir aðilar.

Skylda til að greiða menningarframlag, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, hvílir á streymisveitum sem hafa staðfestu hér á landi, eða í öðru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, og beina þjónustu sinni til einstaklinga og lögaðila hér á landi og miðla myndefni eftir pöntun í formi leikinna kvikmynda, stuttmynda, leikins sjónvarpsefnis eða heimildamynda.

4. gr.

Undanþegnir aðilar.

Undanþegnir greiðslu á menningarframlagi samkvæmt lögum þessum eru:

- a. Ríkisútvarpið ohf. og aðrir fjölmiðlar sem heyra undir lög um almannþjónustufjölmiðla í því aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins þar sem þeir hafa staðfestu.
- b. Streymisveitur með ársveltu undir 20.000.000 kr. eða áskrifendafjölda undir 1% af fjölda heimila hér á landi.
- c. Streymisveitur sem eingöngu miðla íþróttafni, fréttum eða trúarlegu efni.

5. gr.

Tilkynningarskylda.

Skattskyld streymisveita, umboðsmaður hennar eða annar sá aðili sem er í fyrirsvari fyrir hana, skal ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína hér á landi til skráningar á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Hafi streymisveita, sem að mati ríkisskattstjóra er skráningarskyld skv. 1. mgr., eigi tilkynnt starfsemi sína til skráningar, skal ríkisskattstjóri úrskurða hana sem skattskyldan aðila skv. 3. gr. og tilkynna henni þar um. Ríkisskattstjóra er heimilt að leita umsagnar hjá fjölmiðlanefnd um það hvort aðili teljist streymisveita í skilningi 9. tölul. 2. gr.

6. gr.

Skattstofn, skatthlutfall, frádráttur o.fl.

Stofn til útreiknings menningarframlags er heildartekjur streymisveitu af sölu áskrifta að ólínulegri myndmiðlun til einstaklinga og lögaðila hér á landi á næstliðnu almanaksári. Til stofns skv. 1. másl. teljast ekki áskriftartekjur af línulegri dagskrá sem gerð er aðgengileg á streymisveitu eftir pöntun, tekjur af þáttasölu sjónvarpi og tekjur af erlendu endurvarpi.

Skatthlutfall menningarframlags er 5% af stofni til útreiknings menningarframlags, að teknu tilliti til 4. og 5. mgr.

Bein fjárfesting í framleiðslu á innlendu efni í skilningi laga þessara kemur til lækkunar menningarframlagi. Frádráttur er bundinn því skilyrði að Kvikmyndamiðstöð Íslands hafi staðfest að fjárfest hafi verið í innlendu efni í skilningi laga þessara, sbr. 7. gr.

Kostnaður við beina fjárfestingu í innlendu efni, sem umfram er 5% af stofni til útreiknings menningarframlags, dreifist á allt að þrjú ár, enda hafi fullnægjandi skil verið gerð á skýrslu skv. 9. gr.

Hafi skattskyldur aðili hlotið styrk, endurgreiðslu eða annað fjárframlag frá opinberum aðilum hér á landi, vegna verkefnis sem fjárfest var í, sbr. 1. tölul. 2. gr., dregst styrkurinn frá kostnaði vegna fjárfestinga í allt að fjögur ár.

7. gr.

Fjárfesting í innlendu efni.

Streymisveita skal sækja um staðfestingu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands á því að myndefni teljist innlent efni, skv. 4. tölul. 2. gr., á því ári sem fjárfest er og skal umsókn vera á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Innan átta vikna frá móttöku fullnægjandi umsóknar skal Kvikmyndamiðstöð Íslands ákvarða hvort fallist verði á umsókn. Sé fallist á umsókn gildir sú staðfesting í allt að fimm ár að umsóknarárinu meðtöldu.

Kvikmyndamiðstöð Íslands skal hafa eftirlit með staðfestum verkefnum og skal afturkalla staðfestingu að hluta eða öllu leyti komi í ljós að umsókn hafi byggt á röngum eða villandi upplýsingum sem leitt hefðu til þess að staðfesting hefði ekki verið veitt hefðu réttar upplýsingar legið fyrir. Afturköllun getur tekið til yfirstandandi almanaksárs og tveggja undanfarandi.

Streymisveitu er skylt að veita Kvikmyndamiðstöð Íslands allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru til að staðreyna hvort forsendur séu til staðar fyrir veitingu staðfestingar skv. 2. mgr. eða hvort breyting hafi orðið frá því að staðfesting var veitt þannig að afturköllun sæti.

Kvikmyndamiðstöð Íslands skal tilkynna skattskyldum aðila og ríkisskattstjóra um ákvarðanir sínar samkvæmt lagagrein þessari.

8. gr.

Heimild til miðlunar upplýsinga.

Ríkisskattstjóra er heimilt, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, að afhenda Kvikmyndamiðstöð Íslands upplýsingar og gögn sem máli skipta við afgreiðslu umsóknar og eftirfylgni með staðfestum verkefnum skv. 7. gr.

Á Kvikmyndamiðstöð Íslands hvílir þagnarskylda á grundvelli X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, vegna upplýsinga sem veittar eru samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Bókhald og skýrslugjöf.

Skattskyldur aðili skal eigi síðar en 1. júní ár hvert skila skýrslu til Skattsins á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Tekjum vegna sölu áskrifta skal haldið aðgreindum frá annarri starfsemi lögaðila í reikningsskilum streymisveitu, sbr. 1. mgr. 6. gr., og skulu gögn vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess, sbr. X. kafla laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Fjárhæðir og forsendur þeirra skulu vera staðfestar af óháðum, löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Álagning.

Ríkisskattstjóri annast álagningu menningarframlags og skal hún fara fram eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Skili skattskyld streymisveita ekki skýrslu innan tilskilins frests samkvæmt lögum þessum skal ríkisskattstjóri áætla stofn menningarframlags svo ríflega að eigi sé hætt við að fjárhæðir

séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru og ákvarða menningarframlag í samræmi við þá áætlun.

11. gr.

Gjalddagi og eindagi.

Gjalddagi greiðslu menningarframlags er 1. nóvember ár hvert og eindagi 15 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir. Ef gjaldskyldur aðili hefur ekki greitt á eindaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af þeirri fjárhæð sem gjaldfallin er frá gjalddaga.

12. gr.

Álag.

Sé greiðsla menningarframlags ekki innt af hendi á tilskildum tíma skal skattskyldur aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt skýrslu sem skilað er skv. 1. mgr. 9. gr. eða 2. mgr. 10. gr. Álag skal vera 1% fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga af þeirri skattfjárhæð sem vangreidd er, þó að hámarki 10%.

13. gr.

Kæruheimild.

Úrskurðir og ákvarðanir ríkisskattstjóra á grundvelli laga þessara eru kærانlegar til yfirsattanefndar samkvæmt lögum um yfirsattanefnd, nr. 30/1992.

Ákvarðanir Kvikmyndamiðstöðvar Íslands skv. 7. gr. eru kærانlegar til ráðherra sem fer með menningar-, nýsköpunar- og háskólamálefni og skal hann að jafnaði úrskurða í málinu innan sex vikna.

Kærufrestur skv. 1. og 2. mgr. er 30 dagar frá dagsetningu ákvörðunar.

14. gr.

Ráðstöfun menningarframlags.

Menningarframlag samkvæmt lögum þessum rennur í ríkissjóð. Ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins og fjármál skal árlega á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu til stuðnings við framleiðslu á leiknum kvikmyndum, stuttmyndum, leiknu sjónvarpsefni og heimildamyndum sem eru á íslensku eða hafa aðra íslenska, menningarlega og samfélagslega skírskotun með hliðsjón af áætlun fjárlaga um tekjur af menningarframlagi samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Ýmis ákvæði.

Að því leyti sem eigi er ákveðið í lögum þessum um álagningu, innheimtu, skýrslugjafir, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd laga þessara í reglugerð, svo sem varðandi tilkynningarskyldu, skil á skýrslum, dreifingu kostnaðar o.fl.

17. gr.

Gildistaka o.fl.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2027 á grundvelli reiknings- og skýrsluskila streymisveitna vegna starfsemi hér á landi á almanaksárinu 2026.

Árangur af framkvæmd laganna skal metinn þremur árum eftir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

1. Inngangur.

Frumvarp þetta er samið í menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytinu í samvinnu við sérfræðinga frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skattinum. Það byggir að nokkru leyti á frumvarpsdrögum um menningarframlag streymisveitna sem birt voru á Samráðsgátt stjórnvalda í maí 2024 en gerðar hafa verið breytingar á frumvarpinu sem taka mið af athugasemdum og tillögum frá fjármála- og efnahagsráðuneyti og Skattinum.

Lagt er til að lögfesta kröfu um að innlendar og erlendar streymisveitur sem beina þjónustu sinni að einstaklingum og lögaðilum hér á landi, greiði menningarframlag í formi skatts sem renni í ríkissjóð, sbr. 37. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Jafnframt er lagt til að lögbundið framlag sömu fjárhæðar renni til Kvikmyndasjóðs, samkvæmt ákvörðun Alþingis í fjárlögum ár hvert. Með því móti verði tryggt að tekjur af innheimtu menningarframlags renni til framleiðslu á innlendu efni í samræmi við markmið frumvarpsins.

Efni frumvarpsins fellur undir málefnasvið 19 Fjölmíðlun, í fjármálaáætlun fyrir árin 2026–2030 og er í samræmi við helstu áherslur á málefnasviðinu, sem eru burðugt Ríkisútvarp, sterkir einkareknir fjölmíðlar og viðspyrna í alþjóðlegri samkeppni. Í stefnu málefnasviðsins segir að ein helsta áskorun íslenskra fjölmíðla um þessar mundir sé erfitt rekstrarumhverfi sem stafi m.a. af alþjóðlegri samkeppni og örri tækniþróun sem feli bæði í sér tækifæri og áskoranir.

Efni frumvarpsins samræmist einnig stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá 21. desember 2024 en þar segir að ríkisstjórn Íslands leggi áherslu á að styðja við listir og menningu með myndarlegum hætti og hlúa að íslenskri tungu og menningu til að varðveita og styrkja sjálfsmynd þjóðar. Ríkisstjórnin leggi jafnframt áherslu á að auka verðmætasköpun í skapandi greinum.

2. Tilfni og nauðsyn lagasetningar.

2.1. Tilkoma alþjóðlegra streymisveitna á fjölmíðlamarkað.

Framboð og aðgengi að kvikmyndum og sjónvarpsefni á alþjóðlegum streymisveitum hefur haft margvísleg áhrif á kvikmynda- og sjónvarpsmarkað og á rekstrarumhverfi hefðbundinna fjölmíðla. Fjölmíðlar um allan heim glíma við fjárhagslegar afleiðingar þess að auglýsinga- og áskriftartekjur renna í auknum mæli til erlendra tæknifyrirtækja og streymisveitna.

Meðal ríkja heims hefur farið fram mikil umræða um skattlagningu á alþjóðlegar streymisveitur og tæknirisa, meðal annars á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Hafa nokkur aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) þegar tekið upp slíka skatta eða gjöld. Þá hafa mörg EES-ríki tekið upp sérstaka gjaldheimtu á streymisveitur, svokallað menningarframlag, eða tilkynnt að það verði gert á næstu misserum.

Hér á landi hefur einnig borið á umræðu um skattlagningu á streymisveitur og tæknirisa, þar sem að innkoma erlendra streymisveitna og tæknifyrirtækja á fjölmiðla- og auglýsingamarkað hefur haft neikvæð áhrif á rekstrargrundvöll innlendra fjölmiðla. Þetta er áhyggjuefni í ljósi þeirra áhrifa sem veiking fjölmiðla hefur á lýðræðislega umræðu á tímum upplýsingaóreiðu. Lengi vel voru hefðbundnir fjölmiðlar helsta uppspretta upplýsinga til almennings en sífellt fleiri nýta samfélagsmiðla, leitarvélar og gervigreind til að nálgast fréttir. Á sama tíma hefur upplýsingaóreiða færst í aukana á slíkum miðlum. Þá er aðgengi að fjölmiðlum, kvikmyndum og sjónvarpsþáttum á íslensku ein forsenda þess að tryggja megi vernd íslenskrar tungu og menningar.

Streymisveitur eru fjölmiðlar sem miðla hljóð- og myndefni með ólínulegum hætti á netinu, aðallega sjónvarpsþáttum, kvikmyndum og heimildamyndum. Þar geta notendur nálgast myndefni þegar þeim hentar og halað því niður eða streymt því á netinu. Nægir að hafa nettengingu í gegnum 4G farsímanet til að nálgast myndefnið. Almenningsur getur því auðveldlega nálgast sjónvarpsefni í gegnum snjalltæki, eins og snjallsíma og snjallsjónvörp, en ekki eingöngu í gegnum myndlykla sem taka við sjónvarpsútsendingu í gegnum loftnet, ljósleiðara, gervihnött eða eftir öðrum leiðum. Gert er ráð fyrir að næsta kynslóð farsímaneta, 5G, muni á komandi árum auka enn frekar möguleika heimila á öflugum tengingum við netið.

Alþjóðlegar streymisveitur eru ýmist fjármagnaðar með auglýsingatekjum, áskriftartekjum eða hvoru tveggja og geta boðið þjónustu sína á lægra verði en innlendir fjölmiðlar í krafti stærðar sinnar. Starfsemi þeirra byggir á lóðrétti samþættingu framleiðslu, réttindaöflunar og dreifingar. Stærstu erlendu streymisveiturnar, eins og Netflix, Amazon Prime, Apple TV+, Hulu og HBO Max, framleiða og dreifa myndefni gegn greiðslu áskriftargjalds, og eru í ráðandi stöðu á alþjóðlegum markaði. Aðgengi almennings að alþjóðlegum streymisveitum á ólíkum heimssvæðum gerir þeim kleift að ná til mikils fjölda áhorfenda.

Streymisveitur geta nýtt sér hugbúnað og greiningartæki til að flokka notendur eftir ýmsum breytum og kortleggja hegðun þeirra, bæði í þeim tilgangi að halda notendum við efnið og til að selja auglýsingar. Í þessu felast mikil tækifæri og verðmæti fyrir auglýsendur. Aðgangur að gögnum og ítarlegum gagnagreiningum um áhorfsvenjur dregur úr líkum á að gerð séu dýrkeypt mistök þegar teknar eru ákvarðanir um framleiðslu myndefnis. Þá geta streymisveitur nýtt sér ítarlegar gagnagreiningar til að skilgreina markhópa og sérsníða meðmælakerfi að áhugasviði hvers og eins notanda, byggt á gögnum um fyrra áhorf.

Þessi tækniþróun hefur fært erlendum streymisveitum og tæknifyrirtækjum samkeppnisforskot á fjölmiðlamarkaði og leitt til breytinga á fjölmiðlanotkun, framboði efnis og rekstrarumhverfi hefðbundinna fjölmiðla, sem ekki sér enn fyrir endann á.

2.2. Skýrsla starfshóps um gjaldtöku á erlendar streymisveitur og tæknirisa í maí 2024.

Forsaga málsins er sú að í júní 2023 skipaði þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að skoða gjaldtöku á streymisveitur og tæknirisa. Starfshópurinn skipuðu fulltrúar fjármála- og efnahagsráðuneytis og menningar- og viðskiptaráðuneytis. Starfshópurinn hafði samráð við helstu hagaðila og voru meginskilaboð þeirra flestra að nauðsynlegt væri að grípa til aðgerða til þess að jafna stöðu íslenskra fjölmiðla gagnvart erlendum aðilum svo að samkeppni ætti sér stað á réttlátum forsendum.

Starfshópurinn skilaði af sér skýrslu til þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra, sem birt var í maí 2024. Á meðal tillagna var að innleitt yrði ákvæði 2. mgr. 13. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar (ESB) 2010/13 með lögum um menningarframlag streymisveitna, að m.a. danskri fyrirmynd. Lagt var til að lögin fælu í sér að innlendir og erlendar streymisveitur yrðu skyldaðar til að fjárfesta í innlendu efni fyrir tiltekið hlutfall af

áskriftartekjum eða greiða samsvarandi fjárframlag í Kvikmyndasjóð. Voru frumvarpsdrög um menningarframlag streymisveitna, í samræmi við tillögur hópsins, birt á Samráðsgátt stjórnvalda í maí 2024 og jafnframt tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli tilskipunar (ESB) 205/1535 um tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu.

Í maí 2024 bárust athugasemdir frá skrifstofu skattamála í fjármála- og efnahagsráðuneytinu um að menningarframlag streymisveitna fæli í sér skatt, eða ígildi skatts, og að ekki samræmdist lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, að mæla fyrir um mörkun skatttekna, þ.e. að menningarframlag rynni í Kvikmyndasjóð. Í kjölfar stjórnarskipta í desember 2024 var ákveðið að hverfa frá fyrri fyrirætlunum um innleiðingu 2. mgr. 13. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar ESB en vinna málið áfram með hliðsjón af athugasemdum fjármála- og efnahagsráðuneytis.

2.3. Vinnuhópur menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra 2025 um menningarframlag streymisveitna.

Skipaður var nýr vinnuhópur í febrúar 2025 sem falið var að vinna frumvarpsdrög um skattlagningu á streymisveitur, í þágu menningar, í samræmi við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015. Hópurinn skipuðu fulltrúar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneyti og Skattinum. Hópurinn lauk störfum í september 2025 og voru frumvarpsdrög um menningarframlag streymisveitna í kjölfarið kynnt á Samráðsgátt stjórnvalda.

Frumvarp þetta byggir um margt á fyrra frumvarpi og hefur sama markmið, sem er að efla íslenska menningu og íslenska tungu með því að hvetja til framleiðslu á innlendu efni, sem er á íslensku eða hefur aðra íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun. Frumvarpinu er einnig ætlað að stuðla að jafnara samkeppnisumhverfi fjölmiðla með því að leggja erlendum streymisveitum, með starfsemi á innlendum fjölmiðlamarkaði, auknar skyldur á herðar.

2.4. Almennt um þörf á breytingum.

Innlendir fjölmiðlar keppa við erlendar streymisveitur á áskriftamarkaði sem skerðir samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla, kemur niður á framleiðslu innlends efnis og veikir stöðu íslenskrar tungu. Samkvæmt könnun Maskínu í ársbyrjun 2024 voru um 73% heimila með áskrift að Netflix, um 46% heimila sögðust vera með áskrift að Disney+, 34% voru áskrifendur að Viaplay og 19% voru áskrifendur að Amazon Prime Video. Sama ár voru 42% heimila með áskrift að Sjónvarpi Símans Premium og 30% heimila með áskrift að Stöð 2+ (nú Sýn+). Þá starfrækir Ríkisútvarpið ohf. streymisveitu í formi RÚV appsins og vefspilara, sem streymir hljóð- og myndefni eftir pöntun á netinu.

Í ljósi framangreinds hafa innlendir aðilar kallað eftir því að stórar, alþjóðlegar streymisveitur með starfsemi hér á landi leggi sitt af mörkum til að styðja við framleiðslu á innlendu myndefni og styrkja þannig sjónvarps- og kvikmyndaiðnaðinn hér á landi. Sjónarmið um að starfsemi erlendra streymisveitna hafi raskað jafnvægi á fjölmiðlamarkaði hafa m.a. komið fram í umsögnum einkarekinna fjölmiðla um fjölmiðlafrumvörp á síðustu árum. Hafa innlendir umsagnaraðilar verið sammála um að samkeppni á fjölmiðlamarkaði hafi harðnað með tilkomu erlendra streymisþjónusta til landsins og að brýnt sé að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra miðla. Þá hefur Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, SÍK, lengi kallað eftir gjalddöku á erlendar streymisveitur í þágu sjálfstæðra framleiðenda, sem samtökin telja mikilvægt skref til að efla og tryggja sjálfstæða framleiðslu á íslensku sjónvarpsefni og kvikmyndum.

2.5. Markmið lagasetningar.

Markmið lagasetningar er að efla íslenska menningu og íslenska tungu með því að hvetja til fjárfestingar í framleiðslu kvikmynda, stuttmynda, leikins sjónvarpsefnis og heimildamynda, sem eru á íslensku eða hafa aðra íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun. Þá er frumvarpið liður í því að jafna samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum streymisveitum; að streymisveitur sem hagnast af aðgangi að innlendum fjölmiðlamarkaði leggi sitt af mörkum til að styðja við framleiðslu á innlendu efni.

Lagt er til að menningarframlagið nemi 5% af áskriftartekjum streymisveitna hér á landi sem gæti skilað um 140–150 millj. kr. árlega samkvæmt áhrifamati. Kröfur um fjárfestingu í innlendu efni ættu ekki að teljast of íþyngjandi fyrir innlendar streymisveitur þar sem þær uppfylla annað hvort skilyrði um beina fjárfestingu í hljóð- og myndefni eða kunna að falla undir undanþáguákvæði á grundvelli lítillar veltu eða fárra notenda.

2.6. Mat á mögulegum leiðum við lagasetningu.

Við mat á mögulegum leiðum við lagasetningu kom m.a. til skoðunar sá valkostur að aðhafast ekkert. Ljóst þótti að ef ekkert yrði aðhafast hvað varðar skattlagningu á alþjóðlegar streymisveitur yrði minna fjármagni varið til innlendar sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu, þar sem ekki kæmi til fjárframlags frá erlendum streymisveitum með starfsemi hér á landi. Af því myndi jafnframt leiða ójafnara samkeppnisumhverfi fjölmiðla.

Til skoðunar kom hvort byggja ætti lagasetningu á innleiðingu 2. mgr. 13. gr. í tilskipun (ESB) 2010/13 um hljóð- og myndmiðlun, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2018/1808. Höfðu frumvarpsdrög þess efnis verið birt á Samráðsgátt stjórnvalda og tilkynnt til Eftirlitsstofnunar EFTA, ESA, í samræmi við ákvæði tilskipunar (ESB) 2015/1535 um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra reglna. Horfið var frá þessum fyrirætlunum eftir að athugasemdir um mörkun skatttekna bárust frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu vorið 2024, sbr. umfjöllun í kafla 2.2. Þess í stað var frumvarpið endurskoðað og fært í form skattalöggjafar með hliðsjón af lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015.

2.8. Löggjöf á sviði skattaréttar.

Frumvarp þetta grundvallast á því að menningarframlag streymisveitna teljist skattur sem skv. 37. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, skuli renna í ríkissjóð en ekki í Kvikmyndasjóð, líkt og lagt hafði verið til í fyrri frumvarpsdrögum.

Gert er ráð fyrir að skatturinn lækki í samræmi við umfang beinna fjárfestinga í framleiðslu á innlendu efni og falli niður þegar beinar fjárfestingar í framleiðslu á innlendu efni nema 5% af skattstofni. Heimilt verði að dreifa kostnaði við beina fjárfestingu í innlendu efni sem umfram er 5% af stofni til útreiknings menningarframlags á allt að þrjú ár.

Í 51. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, er kveðið á um að tekjur, aðrar en rekstrartekjur stofnana, skuli eingöngu færast sem tekjur ríkissjóðs. Með samþykkt laganna var alfarið fallið frá mörkun skatttekna. Þannig var lögfest að í stað þess að markaðar skatttekjur rynnu til viðkomandi rekstraraðila eða verkefna rynnu þær í ríkissjóð og í stað mörkuðu teknanna kæmu bein framlög úr ríkissjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis.

Tekjustofn er því tengdur málaflokki í heild sinni, en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd hans, og af því leiðir að tekjurnar af honum ber að láta renna í ríkissjóð. Það er hlutverk Alþingis að ákveða hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflokks í fjárlögum hverju sinni.

Í lögum um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um markaðar tekjur, nr. 47/2018, má m.a. sjá breytingar í þá veru að ákveðin gjaldtaka skuli renna í ríkissjóð en tryggt verði lögbundið

framlag í fjárlögum ár hvert sem nemi ákveðnum forsendum hverju sinni. Þannig gerðu lögin ráð fyrir eins konar gegnumstreymi ýmissa gjalda úr ríkissjóði til viðkomandi ríkisaðila í stað þess að þau væru mörkuð með beinum hætti. Með því að taka upp viðlíka nálgun í vinnslu frumvarps til laga um menningarframlag streymisveitna telur ráðuneytið, að höfðu samráði við fjármála- og efnahagsráðuneytið, að unnt sé að tryggja framlag til lögbundinna sjóða, sbr. Kvikmyndasjóð, og að tekjur af innheimtunni geti þannig runnið til framleiðslu á innlendu efni.

Til að unnt verði að afla ríkinu tekna, sem runnið geti til framleiðslu á innlendu efni, er talið að samspil greiðsluleiðar og beinnar fjárfestingarleiðar sé best til þess fallið að ná því markmiði sem að er stefnt, án þess að fela í sér of íþyngjandi skyldur fyrir innlenda aðila á fjölmiðlamarkaði.

Hvort sem að streymisveitur greiða skatt eða fjárfesta með beinum hætti í framleiðslu á innlendu efni má vænta þess að frumvarpið leiði til þess að auknu fé verði varið til innlendarar sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu og öflun réttinda að íslensku hljóð- og myndefni. Að sama skapi má vænta þess að framboð á innlendu fjölmiðlaefni á íslensku aukist. Aukin fjárfesting í framleiðslu á innlendu efni kann að leiða til fleiri atvinnutækifæra fagfólks sem starfar við sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu hér á landi.

2.9. Samspil menningarframlags við gildandi ívilnanir íslenskra stjórnvalda (endurgreiðslukerfis).

Í skýrslu starfshóps um gjalddöku á erlendar streymisveitur og tæknirisa, sem birt var á vef Stjórnarráðs Íslands í maí 2024, var skoðað samspil menningarframlags við núgildandi ívilnanir íslenskra stjórnvalda, þ.e. endurgreiðslukerfi kvikmynda.

Frá árinu 1999 hafa verið í gildi ívilnanir til að styðja við kvikmyndaframleiðslu hér á landi, sbr. lög um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999. Nær ívilnun til framleiðslu á kvikmyndum og sjónvarpsefni hér á landi sem ætlað er að stuðla að eflingu innlendarar menningar og kynningar á sögu landsins og náttúru. Ívilnunin er í formi endurgreiðslu á 25–35% af útlögðum kostnaði sem fellur til hér á landi. Á árinu 2024 voru 6,15 milljarðar kr. endurgreiddir vegna 68 verkefna, þar af 4,6 milljarðar kr. vegna 13 verkefna erlendra aðila. Þess ber þó að geta að þar af fóru 4 milljarðar kr. í eitt verkefni, sjónvarpsþættina True Detective. Á árinu 2023 voru um 2,5 milljarðar kr. endurgreiddir vegna 64 verkefna, þar af 772 millj. kr. vegna 12 verkefna erlendra aðila. Á árinu 2022 voru endurgreiðslur um 3,4 milljarðar kr. vegna 83 verkefna, þar af um 1,9 milljarðar kr. vegna 19 verkefna erlendra aðila. Skilyrði fyrir því að falla undir endurgreiðslukerfið eru nokkur en það sem snýr að tengingu við Ísland og menningu landsins er tilgreint í a-lið 1. mgr. 4. gr. laganna, en þar segir: „að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að koma íslenskri menningu á framfæri, kynna sögu lands eða náttúru eða að viðkomandi framleiðsla sé til þess fallin að stuðla að aukinni reynslu, þekkingu og listrænum metnaði þeirra sem að framleiðslunni standa“. Nánar er fjallað um skilyrðin í reglugerð um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 450/2017.

Þrátt fyrir að almennt hafi verið ánægja með endurgreiðslukerfið og telja megi að það hafi skipt miklu máli við uppbyggingu á þeirri sérfræðiþekkingu og þeim iðnaði sem nú þrífst hér á landi er álitaefni hvort núverandi fyrirkomulag nægi sem stuðningur við framleiðslu á innlendu efni. Í því sambandi ber að hafa í huga að árið 2024 fengu 56 innlend verkefni um 1,55 milljarð kr. í endurgreiðslu á útlögðum kostnaði og árið þar á undan voru verkefnin 52 sem fengu um 1,7 milljarð kr. Ljóst er hins vegar að erlendar streymisveitur hafa að takmörkuðu leyti fjárfest í framleiðslu á efni sem telja má að sé til þess fallið að styðja við

íslenska tungu eða menningu, líkt og gengið er út frá að menningarframlaginu sé ætlað að mæta. Þannig hafi tengsl erlendra verkefna aðallega verið við íslenskt landslag eða náttúru, þótt undantekningar séu á slíku, sbr. m.a. þættina Kötlu sem streymisveitan Netflix framleiddi. Samráð við hagaðila, við undirbúning frumvarps þessa, hefur jafnframt gefið til kynna að hvorki standi til né að áhugi sé fyrir hendi af hálfu erlendra streymisveitna að fjárfesta í innlendu efni í nánustu framtíð, heldur sé fremur stefnt að efni með alþjóðlegri skírskotun sem beinist að stærri notendahópi.

Í áðurnefndri skýrslu var á það bent að grundvallarmunur væri á aðstöðu innlendra framleiðenda og stórra streymisveitna. Hinir fyrrnefndu hefðu takmarkaðan aðgang að markaði fyrir framleiðsluvöru sína á meðan viðskiptalíkan hinna síðarnefndu, svo og samkeppnisforskot, sneri fyrst og fremst að því aðgengi sem stórar streymisveitur hefðu að notendum á alþjóðavísu. Ólíkir hvatar stæðu þannig að baki framleiðslu innlendra og erlendra framleiðenda á innlendu efni og telja yrið að menningarframlag væri vel til þess fallið að koma til móts við sjónarmið um jafna stöðu hvað þetta varðaði. Þá mætti telja að núverandi endurgreiðslukerfi, sem erlendar streymisveitur telji að gefið hafi góða raun, geti gert þeim auðveldara að uppfylla kröfur um fjárfestingu í innlendu efni.

Samkvæmt framangreindu þykir mega draga þá ályktun að það endurgreiðslukerfi sem fyrir er styðji vissulega við innlenda framleiðslu. Hins vegar styðji það einnig við framleiðslu á erlendu efni sem stuðli ekki að því að efla íslenska tungu eða menningu, þótt efnið uppfylli skilyrði um skírskotun í íslenska náttúru eða arfleifð. Hagaðilar hafa bent á að endurgreiðslukerfið hafi í einhverjum tilfellum haft neikvæð áhrif á aðgengi smærri innlendra framleiðenda að fagfólki, þar sem áhrif erlendra verkefna leiði til þess að erfitt geti reynst að fá fagfólk til framleiðslunnar og/eða hækki launakostnað við hana. Sams konar ábendingar komu fram í úttekt breska ráðgjafafyrirtækisins Olsberg SPI fyrir menningar- og viðskiptaráðuneytið 2024, um efnahagsleg áhrif endurgreiðslukerfis í kvikmyndagerð á Íslandi, þótt úttektin hafi sýnt fram á jákvæð áhrif endurgreiðslukerfisins á kvikmyndageirann í heild.

Er því talið að núgildandi endurgreiðslukerfi falli vel að gjaldtöku í formi menningarframlags streymisveitna, með hliðsjón af því að endurgreiðslukerfið er ekki til þess fallið að styðja sérstaklega við framleiðslu efnis á íslenskri tungu.

3. Meginefni frumvarpsins.

3.1. Almenn.

Með frumvarpi þessu er lagt til að innlendum og erlendum streymisveitum, sem falla undir gildissvið laganna, verði skylt að greiða svokallað menningarframlag. Menningarframlag verði í formi skatts sem nemi 5% af heildartekjum streymisveitna af sölu áskrifta hér á landi. Skatturinn lækki í samræmi við umfang beinna fjárfestinga í framleiðslu á innlendu efni og falli niður þegar beinar fjárfestingar í framleiðslu á innlendu efni nema 5% af skattstofni.

Í 2. gr. frumvarpsins er skilgreint hvað telst til innlands efnis. Lagt er til að skattstofn verði heildartekjur streymisveitna af sölu áskrifta hér á landi. Til skattstofns teljist ekki áskriftartekjur af streymisveitum sem eingöngu miðla íþróttafni og fréttum, áskriftartekjur af línulegri dagskrá sem gerð er aðgengileg í myndmiðlun eftir pöntun og tekjur af erlendu endurvarpi. Þá teljist tekjur af þáttasölusjónvarpi, þ.e. sölu á stökum kvikmyndum, þáttum og viðburðum (e. pay per view), ekki til skattstofns. Dæmi um slíka þjónustu er Síminn Bío og Leiga Sýnar hér á landi en það eru þjónustur þar sem hægt er að kaupa tímabundinn aðgang að stökum kvikmyndum.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs renna í ríkissjóð, skv. 37. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Til að unnt verði að ná því markmiði sem að er stefnt með lagasetningu miðast tillagan við þá grundvallarforsendu að framlag ríkisins í Kvikmyndasjóð verði hækkað sem þeirri fjárhæð nemur, með ákvörðun Alþingis sem ákveður skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka í fjárlögum ár hvert.

Lagt er til að streymisveitur með veltu undir 20.000.000 kr. á ári eða áskrifendafjölda undir 1% af fjölda heimila hér á landi verði undanþegnar greiðslu menningarframlags.

Jafnframt er lagt til að Ríkisútvarpið verði undanþegið greiðslu menningarframlags, með vísan til þeirra skyldna sem nú þegar hvíla á Ríkisútvarpinu um þátttöku þess í kvikmynda- og sjónvarpsgerð, m.a. með kaupum af sjálfstæðum framleiðendum. Hið sama gildi um aðra sambærilega fjölmiðla sem heyra undir lög um um almannajónustufjölmiðla í öðrum EES-ríkjum.

Þá er lagt til að heimilt verði að dreifa kostnaði við beina fjárfestingu í innlendu efni sem umfram er 5% af stofni til útreiknings menningarframlags á allt að þrjú ár, enda hafi fullnægjandi skil verið gerð á skýrslu til Skattsins, með upplýsingum um stofn til útreiknings menningarframlags hér á landi á næstliðnu almanaksári og upplýsingum um kostnað við beina fjárfestingu í hljóð- og myndefni.

3.2. Gildandi lög og reglur sem efni frumvarpsins byggir á.

Fjölmiðlar hér á landi starfa á grundvelli laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, sem gilda um allar tegundir fjölmiðla í íslenskri lögsögu, hljóð- og myndmiðla, línulegt og ólínulegt efni þeirra, prentmiðla og netmiðla og einnig um Ríkisútvarpið. Að auki gilda sérlög um starfsemi Ríkisútvarpsins, lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013.

Þá gilda lög um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, um starfsemi lögaðila, þ.e. atvinnufyrirtækja, bæði hér á landi og fyrirtækja með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selja þjónustu sem veitt er rafrænt, þ.m.t. útvarps- og sjónvarpsþjónustu, til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi. Ber fyrirtækjum sem selja slíka þjónustu að tilkynna starfsemi sína til Skattsins á grundvelli 5. mgr. 35. gr. laganna.

Alþjóðlegar streymisveitur með staðfestu í öðrum ríkjum innan EES falla almennt ekki undir gildissvið laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, heldur gildissvið fjölmiðlalaga í þeim EES-ríkjum þar sem þær hafa staðfestu, á grundvelli tilskipunar (ESB) 2010/13 um hljóð- og myndmiðlun, eins og henni var breytt með tilskipun (ESB) 2018/1808. Þær bera því ekki skyldur samkvæmt lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, þótt þær kunni að vera í skráningarskyldri starfsemi hér á landi samkvæmt lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Með frumvarpi þessu er lagt til að allar streymisveitur, sem beina þjónustu sinni til einstaklinga og lögaðila hér á landi, verði skyldaðar til greiðslu menningarframlags, óháð því hvort þær hafa staðfestu hér á landi eða í öðru ríki innan EES.

3.3. Samanburður við önnur lönd.

Menningarframlag streymisveitna hefur verið bundið í lög í mörgum nágrannaríkjum Íslands. Í september 2025 höfðu lög sem skylda innlendar og alþjóðlegar streymisveitur til að fjárfesta í framleiðslu á evrópskum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum tekið gildi í 13 ríkjum í Evrópu, þar á meðal í Danmörku. Þá er vinna við undirbúning sambærilegra frumvarpa hafin í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Auk þess hafa þrjú ríki Evrópu til viðbótar lögfest slíkar kröfur gagnvart innlendum streymisveitum eingöngu.

Í flestum tilfellum er um að ræða valkvæða innleiðingu á ákvæði 2. mgr. 13. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar (ESB) 2010/13, sbr. breytingar sem gerðar voru með tilskipun

(ESB) 2018/1808. Tilskipunin var innleidd í landsrétt hér á landi með breytingu á lögum um fjölmiðla 12. mars 2014 en innleiðing ákvæðis 2. mgr. 13. gr. var ekki hluti af þeirri lagabreytingu.

Tilgangur og markmið 2. mgr. 13. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar er fyrst og fremst að styðja við framleiðslu á evrópsku efni og/eða hvetja til kaupa á réttindum að evrópsku efni. Útfærsla menningarframlags hefur verið með ýmsum hætti í þeim EES-ríkjum sem valið hafa að innleiða ákvæði 2. mgr. 13. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2018/1808/ESB í landsrétt.

Þannig hefur hugtakið tekjur verið skilgreint með fjölbreytilegum hætti þar sem ákvæðið hefur verið lögfest, eða frumvörp þess efnis lögð fram, m.a. sem tekjur af sölu myndefnis, auglýsingatekjur eða áskriftartekjur. Fer það m.a. eftir því hvernig viðskiptalíkön streymisveitna í viðkomandi ríki eru uppbyggð og starfsemi þeirra er háttáð.

Fjárhæð fjárframlags reiknast almennt sem tiltekið hlutfall af tekjum fjölmiðlaveitunnar í viðkomandi ríki á ársgrundvelli en hlutfallið er mishátt milli landa. Þá hefur streymisveitum verið gert að fjárfesta í framleiðslu með ólíkum hætti.

Samkvæmt kortlagningu við undirbúning frumvarps þessa hafa frumvörp til laga um menningarframlag í öðrum EES-ríkjum einkum byggt á eftirfarandi fjárfestingarleiðum:

- Greiðslu gjalds sem rennur í sjóð (t.d. kvikmyndasjóð) (Þýskaland og Pólland);
- beinni fjárfestingu í framleiðslu á evrópsku (innlendu) efni, með öflun réttinda að evrópsku (innlendu) efni og/eða með framleiðslu/samframleiðslu á evrópsku (innlendu) efni (Ítalía og Holland);
- vali um beina fjárfestingu eða greiðslu gjalds (Belgía og Grikkland);
- samspili gjaldtöku og beinnar fjárfestingar (Danmörk, Frakkland, Portúgal og Króatía).

Frakkland.

Í nágrannaríkjum Íslands hefur almennt ekki verið litið svo á að menningarframlag streymisveitna teljist til skattlagningar. Í Frakklandi er menningarframlagið þó bæði í formi beinnar fjárfestingarskyldu (15-25%) og í formi skatts (5,15%), sem innheimtur er af þarlendum skattayfirvöldum samkvæmt almennum skattalögum frá árinu 2003. Fjárhæð sem nemur innheimtu skattfé rennur í franska kvikmyndasjóðinn sem styrkir sjónvarpsþátta- og kvikmyndagerð. Erlendir þjónustuveitendur með starfsemi í Frakklandi, hafa verið skattlagðir frá 2018.

Danmörk.

Lög um menningarframlag streymisveitna tóku gildi 1. júlí 2024. Var þetta þriðja frumvarpið til laga um menningarframlag streymisveitna sem fram kom í Danmörku á síðustu tveimur árum en hið fyrsta kom fram árið 2022, í tíð þáverandi ríkisstjórnar.

Samkvæmt dönsku lögunum er menningarframlag streymisveitna í Danmörku fast gjald á ársgrundvelli, auk þess sem viðbótarskyldur eru lagðar á fjölmiðlaveitur sem fjárfesta lítið eða takmarkað í dönsku efni. Bein, árleg lágmarksfjárfesting í framleiðslu á dönsku efni er því meginforsenda þess að ekki þurfi að greiða viðbótargjald. Öllum streymisveitum með starfsemi í Danmörku, bæði innlendum veitum og streymisveitum í lögsögu annarra EES-ríkja, er skylt að greiða árlegt menningarframlag sem nemur 2% heildartekna af starfseminni í Danmörku á ársgrundvelli. Streymisveitum sem fjárfesta árlega í dönsku efni fyrir minna en 5% heildartekna af starfsemi þeirra í Danmörku á ársgrundvelli er skylt að greiða árlegt viðbótarframlag sem nemur 3% heildartekna af starfsemi þeirra í Danmörku (menningarframlag er þá alls 5%). Til fjárfestinga í dönsku efni teljast allar fjárfestingar í

framleiðslu og samframleiðslu á nýjum, dönskum kvikmyndum, sjónvarpsþáttaröðum og heimildarþáttum. Þá er skilgreint í frumvarpinu hvað telst vera dönsk framleiðsla.

Streymisveitur með árstekjur undir 15 millj. DKK (um 300 millj. ISK) eða streymisveitur með lægri en 1% hlutdeild áskrifta á dönskum fjölmiðlamarkaði eru undanþegnar greiðslu menningarframlags. Fjölmiðlar sem starfa á grundvelli danskra laga um fjölmiðlun í almannajónustu eða sambærilegra laga í öðru EES-ríki (e. public service media) eru undanþegnir greiðslu menningarframlags. Það sama á við um myndveitur sem starfa eingöngu í þágu menntunar eða bókasafna.

Slots- og kulturstyrelsen (dönsk ríkisstofnun sem annast m.a. stjórnsýslu fjölmiðlamála) sér um innheimtu menningarframlags árlega, byggt á ársreikningi næstliðins reikningsárs vegna starfsemi fjölmiðlaveitna í Danmörku. Fjölmiðlaveitur skrá sig hjá stofnuninni og skila þangað skýrslu einu sinni á ári um fjárfestingu sína í framleiðslu á nýju, dönsku efni. Heimilt er að dreifa fjárhæðum á þriggja ára tímabil.

Framangreint fjárframlag streymisveitna, að frádregnum kostnaði við umsýslu, rennur annars vegar beint í danskan sjóð sem styður við þróun og framleiðslu danskra, leikinna sjónvarpsþátta og heimildarmyndna og efni fyrir börn og unglinga og hins vegar beint í danska kvikmyndasjóðinn.

Sinni streymisveitur ekki lögbundnum greiðsluskyldum fer um innheimtu menningarframlags samkvæmt dönskum lögum um innheimtu opinberra skatta og gjalda.

Fjórtn alþjóðlegar streymisveitur hafa tilkynnt starfsemi sína á grundvelli dönsku laganna, samkvæmt upplýsingum á vef danska menningarmálaráðuneytisins í september 2025.

Noregur.

Í febrúar 2025 samþykkti norska þingið breytingar á norskrei löggef um innleiðingu hljóð- og myndmiðlunartilskipunar ESB frá 2018. Breytingarnar tóku gildi 1. maí 2025 en gildistöku tveggja ákvæða um skyldur streymisveitna til að fjárfesta í norsku hljóð- og myndefni, fyrir 4% af tekjum þeirra í Noregi, sbr. 2 mgr. 13. gr. tilskipunarinnar var frestað. Samkvæmt upplýsingum frá norska menningar- og jafnréttisráðuneytinu í september 2025 hafa ákvæðin um fjárfestingaskyldu streymisveitna ekki enn tekið gildi í Noregi, þar sem nánari reglur um framkvæmd þeirra hafa ekki verið settar, meðal annars reglur um undanþágur frá fjárfestingarskyldu, útreikning og upplýsingagjöf til norsku fjölmiðlanefndarinnar.

Svíþjóð.

Sérfræðingahópur á vegum sænskra stjórnvalda skilaði nýverið skýrslu, *Publiken I focus – reformer för ett starkare filmland*, þar sem lagt er til að lögfestar verði skyldur um fjárfestingar innlendra og alþjóðlegra streymisveitna í sænskum kvikmyndum og sjónvarpsefni fyrir u.þ.b. 1,5% af heildarveltu streymisveitna af starfseminni í Svíþjóð (þ.m.t. auglýsinga- og áskriftartekjum). Undanþegnar verði almannajónustumiðlar og smærri streymisveitur með veltu undir tilteknum mörkum (20 millj. SEK á ári) eða undir tiltekinni markaðshlutdeild (1%). Einnig verði undanþegnir aðilar sem fjárfesta í nýjum sænskum kvikmyndum eða sjónvarpsþáttum fyrir 10% eða meira af heildarveltu á ársgrundvelli. Skýrslan, ásamt drögum að lagafrumvarpi, var í umsagnarferli í september 2025, samkvæmt upplýsingum frá sænska menningarmálaráðuneytinu.

Finnland.

Í Finnlandi hefur á síðustu árum farið fram ítarleg greiningarvinna um hugsanlegar útfærslur og hagræn áhrif menningarframlags, í tíð fyrri og núverandi ríkisstjórnar, sem tók

við stjórnartaumunum sumarið 2023. Samkvæmt upplýsingum frá finnska menningarmálaráðuneytinu í september 2025 samþykkti finnska ríkisstjórnin á árlegum fjárlagafundi sínum að hefja undirbúning að framlagningu frumvarps um menningarframlag streymisveitna hið fyrsta. Er sá undirbúningur því að hefjast í ráðuneytinu.

4. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.

Efni frumvarpsins gefur tilefni til að meta hvort tillögur þess stangist á við stjórnarskrá eða alþjóðlegar skuldbindingar. Við vinnslu frumvarpsins hefur þess meðal annars verið gætt að efni þess og framsetning samrýmist 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kveðið er á um að skattamálum skuli skipað með lögum. Við samningu frumvarpsins hefur einnig verið horft til samræmis við 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem fjalla um tjáningarfrelsi, og áhersla lögð á að ekki verði vegið að tjáningarfrelsi og sjálfstæði þeirra fjölmiðla sem falla undir gildissvið frumvarpsins. Í því tilliti hefur verið litið til meðalhófs- og jafnræðisreglu og m.a. gætt að því að sömu reglur gildi um innlendar og erlendar fjölmiðlaveitur með starfsemi hér á landi.

Þar sem um er að ræða frumvarp á sviði skattaréttar er það ekki tilkynningaskyld til Eftirlitsstofnunar EFTA á grundvelli ákvæða EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu.

Við samningu frumvarpsins hefur auk þess verið höfð hliðsjón af skuldbindingum Íslands á vettvangi OECD. Með alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á vettvangi OECD er vísað til þess að aðildarríki OECD hafa frá árinu 2013 unnið að sameiginlegri aðgerðaráætlun sem kennd er við BEPS (e. Base Erosion and Profit Shifting) sem ætlað er að berjast gegn alþjóðlegri skattasniðgöngu með það að markmiði að skattur verði greiddur af hagnaði þar sem hann myndast. Tvær aðgerðir sem enn hafa ekki tekið gildi, fela annars vegar í sér skattlagningu stórra tæknifyrirtækja í markaðsríkjum, þ.e. stafrænan þjónustuskatt, svokallaða stoð 1 (e. Pillar One) og hins vegar 15% alheimslágmarksskatt á fjölþjóðlegar samstæður með tekjur umfram 750 milljón evra, svokallaða stoð 2 (Pillar Two). Ísland er meðal þeirra þjóða sem undirgengust yfirlýsingu OECD-ríkja í október 2021 og júlí 2023 og skuldbundu sig til ársloka 2024 til að taka ekki upp stafrænan þjónustuskatt á alþjóðleg tæknifyrirtæki meðan fram færi vinna við útfærslu sameiginlegra reglna OECD um skattlagningu stafræna hagkerfisins. Sérstakt samkomulag var þó gert milli Bandaríkjanna og ákveðinna ríkja sem þegar höfðu innleitt stafræna þjónustuskatta á alþjóðleg fyrirtæki, þ.e. Austurríkis, Frakklands, Ítalíu, Spánar og Bretlands. Á móti samþykktu Bandaríkin að falla frá viðskiptaþvingunum sem þau höfðu sett á tiltekinn innflutning frá ríkjunum.

Þann 20. janúar 2025 minnkuðu líkur á því að sameiginlegri lausn yrði náð á vettvangi OECD þegar forseti Bandaríkjanna undirritaði forsetatilskipun sem dró Bandaríkin úr samstarfinu um stafrænan þjónustuskatt eða stoð 1. Síðar sama ár var samkomulag ritað milli G7 ríkja sem undanskilur bresk og bandarísk fyrirtæki frá samkomulaginu.

Samkvæmt þingmálaskrá 157. löggjafarþings fyrirhugar fjármála- og efnahagsráðherra að leggja fram frumvarp um 15% alheimslágmarksskatt á fjölþjóðlegar samstæður með tekjur umfram 750 milljón evra eða svokallaða stoð 2. Frumvarpið mun fela í sér innleiðingu tilskipunar evrópska ráðsins nr. 2022/2523 sem mælir fyrir um sameiginlegar ráðstafanir til að tryggja 15% lágmarksskattlagningu á fjölþjóðlegar samstæður innan Evrópusambandsins. Markmið þess er að draga úr skattasniðgöngu fjölþjóðlegra stórfyrirtækja og skaðlegri skattasamkeppni á milli landa. Tilskipunin byggir á fyrrnefndum alþjóðlegum reglum OECD og G-20 og eru reglurnar birtar undir heitinu Global Anti-Base Erosion Model Rules (GloBE). Reglurnar byggja á aðgerðaráætlun OECD í samstarfi við G-20 ríkin (aðurnefndri BEPS-

áætlun) þar sem sérstök áhersla er lögð á stoð tvö (Pillar Two) um lágmarksskatthlutfall á tekjur samstæðufélaga.

Ekki er talið að áformað menningarframlag streymisveitna fari í bága við aðurnefnd áform um 15% alheimslágmarksskatt á fjölþjóðlegar samstæður, skuldbindingar Íslands á vettvangi OECD eða aðrar alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Verði frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra að lögum koma reglurnar ekki til með að hafa áhrif á venjuleg íslensk fyrirtæki eða einstaklinga. Ekki er gert ráð fyrir að mörg móðurfélög hér á landi komi til með að falla undir reglurnar vegna hás tekjuþröskuldar eða 750 milljón evra en talið er að nokkrar dóttureiningar erlendra samstæðna, með skattalegt heimilisfesti hér á landi, muni falla undir reglurnar.

5. Samráð.

Efni frumvarpsins er í samræmi við hugmyndir starfshóps sem skipaður var 2023 til að skoða gjaldtöku á erlendar streymisveitur og tæknirisa. Starfshópurinn hafði samráð við fulltrúa ýmissa hagsmunaaðila við móttöku þeirra hugmynda og fundaði m.a. með fulltrúum innlendra og erlendra streymisveitna. Hópur skipaður fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytis, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytis og Skattsins vann að gerð frumvarpsins og hafði við gerð þess samráð við Kvikmyndamiðstöð Íslands og fjölmiðlanefnd.

Sem dæmi um innlendar streymisveitur má nefna Sjónvarp Símans Premium og Sýn+. Erlendar streymisveitur eru meðal annars Netflix, Disney+, Viaplay, Amazon Prime Video, Apple TV+, HBO Max og aðrar streymisveitur sem kunna að vera með starfsemi hér á landi. Aðrir innlendir hagsmunaaðilar eru m.a. Kvikmyndamiðstöð Íslands, SÍK – Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðenda og FRÍSK – Félag rétthafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði.

Frumvarp um menningarframlag streymisveitna var birt á Samráðsgátt stjórnvalda í maí 2024 en efni þess frumvarps varðaði ekki skattlagningu á streymisveitur, heldur innleiðingu á ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunar 2010/13/EB, sbr. tilskipun 2018/1808/ESB. Átta umsagnir bárust í gáttina frá átta umsagnaraðilum, en þar af voru sjö hagaðilar, samtök hagaðila og önnur hagsmunasamtök og einn einstaklingur. Innlendir umsagnaraðilar voru almennt sammála um að samkeppni á fjölmiðlamarkaði hefði harðnað með tilkomu erlendra streymisþjónusta til landsins og að brýnt væri að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra miðla. Almennt fögnuðu flestir innlendir umsagnaraðilar frumvarpinu og töldu það stuðla að jafnari samkeppnisstöðu við erlendar streymisveitur. Einn innlendir umsagnaraðili, Viðskiptaráð, lýsir yfir efasemdum um að menningarframlag streymisveitna væri best til þess fallið að jafna samkeppnisstöðuna og taldi farsælla að bæta rekstrarumhverfi innlendra fjölmiðla. Framleiðendur og kvikmyndaleikstjórar lýstu yfir ánægju sinni með frumvarpið og töldu mikilvægt að tryggja að úthlutanir úr úthlutunarsjóði rynnu til sjálfstæðra framleiðenda. Að sama skapi töldu umsagnaraðilar sem starfa á fjölmiðlamarkaði, sem og STEF og Viðskiptaráð, mikilvægt að tryggja að allir sem greiddu menningarframlag gætu sótt um úthlutun úr úthlutunarsjóði. Fulltrúi nokkurra erlendra streymisveitna taldi að kröfur um íslenskt mál eða aðra íslenska menningarlega eða samfélagslega skírskotun samræmdu ekki fyllilega hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni og bentu á mikilvægi þess að gætt yrði að sjónarmiðum um meðalhóf við lagasetningu. Jafnframt þyrfti að tryggja bann við mismunun við úthlutun úr úthlutunarsjóði.

Áform um lagasetningu voru kynnt í innra samráði innan Stjórnarráðsins en áformaskjal var ekki birt í ytra samráði á Samráðsgátt stjórnvalda, einkum með hliðsjón af því að frumvarp

þetta byggir á frumvarpsdrögum um menningarframlag streymisveitna sem birt voru á Samráðsgátt stjórnvalda í maí 2024.

6. Mat á áhrifum.

6.1. Fjárhagsleg áhrif.

Áætlað er að frumvarpið muni skila tekjum í ríkissjóð og að framlag ríkisins í Kvikmyndasjóð verði hækkað sem þeim nemur. Samkvæmt upplýsingum sem aflað var frá Skattinum í september 2025 voru tekjur af erlendum streymisáskriftum um 2,62 milljarðar kr. árið 2023 og 2,88 milljarðar kr. árið 2024. Miðað við þessar tölur gæti framlagið í heild numið 399 millj. kr. miðað við 5% hlutfall. Ef gengið er út frá því að innlendar streymisveitur fjárfesti nú þegar í framleiðslu á innlendu efni, umfram fjárhæð menningarframlagsins, og að erlendar streymisveitur geri það ekki, væri réttari nálgun að miða aðeins við tekjur erlendra streymisveitna sem viðbót frá því sem nú er. Ef miðað er við 2,9 milljarða kr. tekjur væri framlagið um 144 millj. kr. miðað við 5% hlutfall. Hafa ber í huga að ef allar innlendar og erlendar streymisveitur, sem falla undir gildissvið frumvarpsins, velja beina fjárfestingaleið í stað þess að greiða fjárframlag skilar frumvarpið engum tekjum í ríkissjóð. Á móti ættu fjárfestingar í framleiðslu á innlendum kvikmyndum, sjónvarpsþáttum og heimildamyndum og sýningarréttindum að slíku efni að aukast.

Gera má ráð fyrir kostnaði samfara gjaldtökunni. Áætlað er að vinna við umsýslu hjá starfsmönnum ríkisins geti samsvarað allt að hálfu stöðugildi á ári, þ.e. yfirferð skýrslna, samskipti, útreikningar og álagning, og gæti beinn kostnaður vegna þessa numið allt að 5–8 millj. kr. Verði frumvarpið að lögum er gert ráð fyrir að tekjur vegna þeirra verði umfram þau útgjöld sem af þeim hljótaskast.

Þá má gera ráð fyrir að kostnaður falli á streymisveitur við að uppfylla upplýsingagjöf við gjaldtökuna. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að halda reglubyrði í lágmarki og þar með kostnaði við reglufylgni.

Þess skal getið að samkvæmt frummati á áhrifum frumvarpsins var talið að tekjur af frumvarpinu gætu orðið 100-300 m.kr. á ári. Byggði það á upplýsingum sem starfshópur þáverandi menningar- og viðskiptaráðherra hafði aflað frá Skattinum árið 2024 um tekjur af erlendum streymisáskriftum 2022 og 2023. Fram kom í skýrslu starfshópsins að upplýsingarnar væru byggðar á tölum um virðisaukaskattskylda veltu af rafrænni þjónustu og að ekki væri hægt að sundurgreina þær að fullu niður á hverja þjónustu. Til að minnka líkur á að tölurnar væru ofáætlaðar voru þær lækkaðar um 10%.

Haustið 2025 bárust uppfærðar upplýsingar frá Skattinum um áætlaðar tekjur erlendra streymisveitna. Fram kom að Skatturinn teldi að tekjur af erlendum streymisáskriftum hefðu verið ofáætlaðar í frummati á áhrifum frumvarpsins, með vísan til þess að slíkar tekjur væru einungis hluti rafrænnar þjónustu sem alþjóðleg tæknifyrirtæki veita hér á landi. Því væri nauðsynlegt að miða við enn lægri upphæð.

Með vísan til framangreinds voru þær breytingar gerðar á áhrifamati frumvarpsins að fjárhæð mögulegra tekna ríkissjóðs af frumvarpinu, er nú áætluð um 140-150 millj. kr. á ári.

6.2. Áhrif á sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu.

Efni frumvarpsins snertir einkum starfsemi innlendra og erlendra streymisveitna með starfsemi hér á landi, þ.e. fjölmiðlaveitna sem dreifa efni eftir pöntun til notenda hér á landi gegn áskriftargjaldi. Gera má ráð fyrir að áhrif frumvarpsins verði mest á streymisveitur sem fjárfesta lítið eða takmarkað í nýju, íslensku efni, t.d. erlendar streymisveitur á borð við Netflix, Viaplay, Amazon Prime, Disney+ og HBO Max, en íslenskar streymisveitur, í eigu

Sýnar hf. og Símans hf., eru líklegri til að uppfylla kröfur um beina fjárfestingu í innlendu hljóð- og myndefni á íslensku nú þegar. Þá er gert ráð fyrir auknum tekjum ríkissjóðs og að framlag ríkisins í Kvikmyndasjóð geti hækkað sem þeirri fjárhæð nemur, til hagsbóta fyrir framleiðendur innlendra kvikmynda, stuttmynda, sjónvarpsefnis og heimildamynda.

Þess má vænta að áhrif frumvarpsins verði þau að auknu fé verði varið til innlendar sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu og öflun réttinda að innlendu hljóð- og myndefni. Aukin fjárfesting í framleiðslu á innlendu efni kann að leiða til fleiri atvinnutækifæra fagfólks sem starfar við sjónvarps- og kvikmyndaframleiðslu hér á landi. Um leið ber að hafa í huga að fleiri atvinnutækifæri fagfólks hér á landi kunna að einhverju leyti að hafa neikvæð áhrif á framleiðslukostnað innlendra framleiðenda á innlendu efni, með sama hætti og endurgreiðslukerfi kvikmynda, og að erfitt eða kostnaðarsamt geti reynst fyrir innlenda framleiðendur að fá fagfólk til framleiðslunnar. Meta þarf árangur af framkvæmd laganna með m.a. þetta í huga.

Frumvarpið er liður í því að jafna samkeppnisstöðu innlendra fjölmiðla gagnvart erlendum streymisveitum en alþjóðlegar streymisveitur með starfsemi hér á landi hafa hingað til borið takmarkaðar skyldur gagnvart íslensku samfélagi.

6.3. Áhrif á neytendur.

Efni frumvarpsins er til þess fallið að hafa jákvæð áhrif á framboð innlends efnis á streymisveitum, sem neytendur munu njóta góðs af. Gjaldtakan gæti haft áhrif á verð til neytenda, að svo miklu leyti sem samkeppnisskilyrði eru þannig að streymisveitur geti velt kostnaðinum yfir á þá. Hér skiptir máli hversu hátt framlagið kemur til með að vera en því hærra sem það er þeim mun líklegra er að því verði að hluta eða öllu leyti velt yfir í verð til neytenda. Hafa ber í huga að framlagið er reiknað af heildartekjum (brúttótekjum) og tekur þannig ekki tillit til kostnaðar við framleiðslu. Framlagið kemur sér þannig sérstaklega illa í þeim aðstæðum þegar tap er af rekstri streymisveitu.

Við gerð frumvarpsins var horft til þess að reglusetning kunni að einhverju leyti að draga úr áhuga nýrra erlendra aðila til að koma inn á markaðinn. Hins vegar eru sambærilegar reglur í gildi eða í mótnun víða í Evrópu, m.a. í norrænum ríkjum, og því ekki um óeðlilega aðgangshindrun að ræða. Þá eru erlendar streymisveitur sem bjóða upp á áskriftarþjónustu á íslenskum markaði almennt fjárhagslega burðug fyrirtæki og krafa um menningarframlag ekki líkleg til að hafa úrslitaáhrif á ákvörðun þeirra um að beina starfsemi sinni á þann markað. Gert er ráð fyrir að fram fari mat á framkvæmd og áhrifum laganna þremur árum eftir gildistöku þeirra.

Ekki er gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á einstaklinga eftir kyni og muni því hvorki hafa áhrif á jafnrétti né stöðu kynjanna. Þá er ekki gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á persónuvernd.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í ákvæðinu er lagt til að streymisveitur greiði árlegt menningarframlag af starfsemi sinni í ríkissjóð. Jafnframt er því markmiði laganna lýst að stefnt sé að því að efla íslenska menningu og íslenska tungu með því að styðja við og hvetja til framleiðslu á innlendu efni í skilningi frumvarpsins.

Að baki ákvæðinu búa sjónarmið um menningarlega og tungumálalega fjölbreytni. Aukinn stuðningur við framleiðslu á innlendum, leiknum kvikmyndum, stuttmyndum, sjónvarpsefni og heimildamyndum, sem er á íslensku eða hafa aðra íslenska menningarlega og

samfélagslega skírskotun, er mikilvæg forsenda þess að unnt sé að standa vörð um íslenska tungu á litlu málsvæði.

Um 2. gr.

Afmörkun hugtaka skiptir máli við afmörkun á efnislegu gildissviði frumvarpsins, sem og lögsögu yfir einstökum streymisveitum. Í 2. gr. er að finna skilgreiningar helstu hugtaka sem sérstaka þýðingu hafa samkvæmt frumvarpinu. Sumar þessara skilgreininga byggja á hugtakaskilgreiningum í lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, og hljóð- og myndmiðlunartilskipun (ESB) 2013/10 og skýra sig að einhverju leyti sjálfar en inntak annarra hugtaka þarfnast frekari skýringa.

Hugtakið *bein fjárfesting* er skilgreint svo í 1. tölulið að um sé að ræða fjárfestingu í framleiðslu, samframleiðslu eða sýningarréttindum eða samsvarandi í nýju, innlendu efni. Nánari skýringu á hugtökunum nýtt efni og innlent efni er að finna í eftirfarandi umfjöllun um greinina. Með sýningarréttindum er vísað til þess fyrirkomulags að rétthafar selji streymisveitum sýningarrétt efnis sem telst til innlands efnis í skilningi frumvarpsins.

Innlent efni í skilningi frumvarpsins er í 2. tölulið skilgreint sem nýjar leiknar kvikmyndir, stuttmyndir, leikið sjónvarpsefni og heimildamyndir, sem hafa íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun eða þar sem meira en helmingur talmáls er á íslensku og efni uppfyllir þar að auki aðra af eftirfarandi kröfum.

- a. 50% eða hærra hlutfall framleiðslukostnaðar fellur til hér á landi.
- b. 50% eða hærra hlutfall af upptökum viðkomandi myndefnis fer fram hér á landi.

Afmörkun hugtaksins innlent efni við nýjar leiknar kvikmyndir, stuttmyndir, leikið sjónvarpsefni og heimildamyndir er í samræmi við 2. gr. reglugerðar um Kvikmyndasjóð, nr. 229/2003, þar sem tilgreint er hvernig fjárveitingar Kvikmyndasjóðs greinast milli einstakra greina kvikmyndagerðar. Lagt er til að fréttir, útsendingar frá íþróttaviðburðum, leikja- og skemmtidagskrá, auglýsingar, textavarsþjónusta eða fjarkaup teljist ekki til innlands efnis í skilningi frumvarpsins. Af því leiðir að fjárfesting í slíku efni telst ekki frádráttarbær frá menningarframlagi.

Til að teljast innlent efni þarf að uppfylla tiltekin skilyrði fyrir hverja og eina kvikmynd, stuttmynd eða heimildamynd en þegar um er að ræða sjónvarpsþáttaraðir er mat lagt á þáttaröð í heild en ekki hvern og einn þátt í viðkomandi þáttaröð. Á meðal skilyrða er að meira en helmingur talmáls sé á íslensku en ef svo er ekki geta sérstakar menningarlegar ástæður leitt til þess að efnið teljist engu að síður innlent. Að auki þarf að uppfylla annað af tveimur skilyrðum, annað hvort skilyrði um að 50% eða hærra hlutfall framleiðslukostnaðar falli til hér á landi eða skilyrði um að helmingur eða hærra hlutfall af upptökum viðkomandi myndefnis fari fram hér á landi. Með framleiðslukostnaði er átt við allan almennan kostnað sem heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri, samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, en ekki kostnað vegna einkanota, óeðlilegrar risnu o.s.frv. Jafnframt er það skilyrði að laun og verktakagreiðslur, sem talðar eru til framleiðslukostnaðar, verði að vera skattlagðar hér á landi svo að slíkur kostnaður fái viðurkenndur sem framleiðslukostnaður í skilningi laganna. Skilyrðin byggja á sjónarmiðum um menningarlega og tungumálalega fjölbreytni, sbr. markmiðsákvæði frumvarpsins.

Vísan í íslenska menningarlega og samfélagslega skírskotun er í samræmi við ákvæði kvikmyndalaga, nr. 137/2001. Gert er ráð fyrir að kvikmyndir sem hljóta styrk frá Kvikmyndasjóði séu gerðar með íslensku tali nema sérstakar menningarlegar ástæður leiði til annars. Í skýringum við 6. gr. kvikmyndalaga er vísað til dæma um slíkar menningarlegar ástæður, kvikmynda sem voru að mestu leyti leiknar á þýsku en höfðu engu að síður íslenska

menningarlega skírskotun. Kvikmyndin Tár úr steini frá 1995 fjallar um íslenska tónskáldið Jón Leifs sem varði stærstum hluta ævi sinnar í Þýskalandi. Kvikmyndin María frá 1997 fjallar um örlög þýskrar konu sem flýr skort eftirstríðsáranna í Þýskalandi og kemur til Íslands til að starfa á bóndabæ.

Skilyrði um að meira en helmingur talmáls sé á íslensku vísar til þess að meira en helmingur talmáls í frumútgáfu kvikmynda, stuttmynda, leikins sjónvarpsefnis og heimildamynda, sé með íslensku tali. Kvikmyndir, stuttmyndir, sjónvarpsefni og heimildamyndir sem eru talsettar eða textaðar á íslensku teljast því ekki vera á íslensku. Skilyrðið er í samræmi við markmið frumvarpsins um að efla íslenska menningu og íslenska tungu. Það samræmist einnig ákvæðum reglugerðar um styrki vegna sýninga á kvikmyndum á íslensku í kvikmyndahúsum hér á landi, nr. 1349/2018, og þeim kröfum sem gerðar eru til framlags Íslands til Óskarsverðlauna. Ekki var talið æskilegt að gera kröfu um hærra hlutfall íslensks talmáls en 50%, þar sem fjöldi innlendra kvikmynda eru leiknar á erlendum tungumálum auk íslensku. Sem dæmi má nefna kvikmyndirnar Andið eðlilega, í leikstjórn Ísoldar Uggadóttur, þar sem talmál er á íslensku og ensku, kvikmyndina Snertingu, í leikstjórn Baltasars Kormáks, sem er leikin á þremur tungumálum, íslensku, ensku og japönsku, og kvikmyndina Eldarnir, í leikstjórn Uglu Hauksdóttur, sem er leikin á íslensku og ensku.

Lagt er til að skilgreining á *nýju efni* feli í sér að framleiðsla eða samframleiðsla standi yfir eða henni hafi lokið á yfirstandandi eða næstliðnu almanaksári. Hafi framleiðslu eða samframleiðslu lokið fyrir þann tíma teljist ekki um nýtt efni að ræða. Þá er lagt til að þegar um er að ræða fjárfestingu í sýningarréttindum verði miðað við þrjú ár, þ.e. að fjárfesting í sýningarréttindum vegna efnis sem er eldra en þriggja ára teljist ekki til fjárfestingar í nýju efni í skilningi laga þessara. Við skilgreiningu á því hvenær framleiðslu telst lokið er lagt til að miðað verði við skilgreiningu í lögum um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999. Samkvæmt þeim lögum teljast lok framleiðslu vera í síðasta lagi við frumsýningu. Þegar um framleiðslu þáttaraðar er að ræða teljast lok framleiðslu vera við frumsýningu síðasta þáttar í stakri þáttaröð.

Menningarframlag er nýtt hugtak samkvæmt frumvarpinu. Lagt er til í 3. tölulið að menningarframlag verði skattur sem nema mun 5% af heildartekjum streymisveitna af sölu áskrifta hér á landi. Skatturinn lækki í samræmi við umfang beinna fjárfestinga streymisveitna í framleiðslu, samframleiðslu eða sýningarréttindum á nýju innlendu efni og falli niður þegar beinar fjárfestingar nemi 5% af skattstofni.

Skilgreining á hugtakinu *myndmiðlun eftir pöntun* (ólinuleg myndmiðlun, e. video on demand) er samhljóða skilgreiningu í 2. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011. Með hugtakinu er átt við þjónustu sem fjölmiðlaveita býður, án tillits til þess viðtækis sem er notað til móttöku efnisins þannig að notandi getur horft á dagskrárliði í heild eða að hluta þegar hann svo kys og að sérstakri beiðni hans á grundvelli efnisskrár. Með efnisskrá er átt við yfirlit yfir kvikmyndir, sjónvarpsþætti o.fl. sem birtist notanda á skjáviðmóti viðkomandi streymisveitu þegar myndefni er valið.

Hugtakið *ritstjórn* hefur þýðingu við skilgreiningu og afmörkun allrar fjölmiðlunar og þar með við afmörkun á gildissviði frumvarpsins, sem tekur til tiltekinnar tegundar fjölmiðla, þ.e. streymisveitna. Í lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, er hugtakið fjölmiðill skilgreint sem aðili eða lögaðili sem veitir fjölmiðlaþjónustu með reglubundnum hætti. Eingöngu streymisveitur sem teljast til fjölmiðla falla undir gildissviðið. Í áðurnefndum lögum segir að fjölmiðill sé „*hvers konar miðill sem með reglubundnum hætti miðlar til almennings efni er lýtur ritstjórn*“. Hugtakið fjölmiðill nær til allra tegunda fjölmiðla svo framarlega sem ritstjórn er fyrir hendi. Með *ritstjórn* er átt við að fjölmiðlaþjónustuveitandi beri ritstjórnarlega ábyrgð og

hafi stjórn á vali og skipan efnis, þ.e. forræði á því efni sem miðlað er, og stýri framboði þess og skipulagningu þjónustunnar að öðru leyti. Ef ekki er um slíkt að ræða er viðkomandi ekki fjölmiðlaþjónustuveitandi. Sem dæmi telst ritstjórn almennt ekki vera fyrir hendi á mynddeiliveitum á borð við YouTube, enda miðlun efnis á hendi einstakra notenda, án aðkomu ritstjórnar. Á mynddeiliveitum ber þjónustuaðilinn ekki ritstjórnarlega ábyrgð en ber þó ábyrgð á skipulagi og flokkun á efni veitunnar, þ.m.t. birtingu, röðun og merkingu með sjálfvirkum hætti eða algrími, sbr. skilgreiningu hugtaksins í 2. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011.

Lagt er til að hugtakið *streymisveita* í skilningi frumvarpsins verði skilgreint sem fjölmiðill sem lýtur ritstjórn og þar sem notendur geta nálgast myndefni sem miðlað er eftir pöntun, þegar þeim hentar, og halað efninu niður eða streymt því á netinu.

Hugtakið *fjölmiðlaþjónusta* tekur bæði til hljóðmiðlunar og myndmiðlunar fjölmiðlaþjónustuveitenda hvort heldur sem um hefðbundnar útsendingar eða samsvarandi þjónustu eftir pöntun er að ræða. Það tekur að sama skapi til miðlunar fjölmiðlaþjónustuveitenda á ritefni hvort heldur sem er á prentuðu eða rafrænu formi. Nánara inntak hugtaksins fjölmiðlaþjónusta ræðst svo af skilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill sem og einstökum tegundum fjölmiðlunar.

Um 3. gr.

Í 3. gr. er fjallað um skattskylda aðila. Lagt er til að skattskylda miðist við streymisveitur sem hafa staðfestu hér á landi eða í öðru EES-ríki og sem beina þjónustu sinni til einstaklinga og lögaðila hér á landi og miðla myndefni eftir pöntun í formi leikinna kvikmynda, stuttmynda, leikins sjónvarpsefnis og heimildamynda. Til að gæta jafnræðis er lagt til að skattskyldan taki til innlendra og erlendra streymisveitna sem beina þjónustu sinni að einstaklingum og lögaðilum hér á landi.

Af ákvæðinu leiðir að efnislegt gildissvið laganna tekur eingöngu til miðlunar myndefnis eftir pöntun, sbr. skilgreiningu þess hugtaks í 2. gr. frumvarpsins en ekki til miðlunar á línulegri sjónvarpsdagskrá. Þá leiðir af afmörkun skattstofns við áskriftatekjur, sbr. 6. gr. frumvarpsins, að gildissvið frumvarpsins tekur ekki til þáttasölusjónvarps, þ.e. sölu á stökum þáttum og viðburðum (e. Transactional Video on Demand/Pay Per View).

Skattskyldir aðilar eru streymisveitur sem eru með starfsemi á íslenskum fjölmiðlamarkaði og eru annað hvort skráningarskyldar samkvæmt lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, eða ber að tilkynna starfsemi sína til Skattsins á grundvelli laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Samkvæmt 5. mgr. 35. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, ber atvinnufyrirtækjum með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selja þjónustu sem veitt er rafrænt, þ.m.t. útvarps- og sjónvarpsþjónustu, til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, að tilkynna starfsemi sína til Skattsins.

Við mat á því hvort streymisveita, sem ekki hefur tilkynnt starfsemi sína til Skattsins, telst vera með starfsemi hér á landi og þar með undir gildissviði frumvarpsins er lagt til að fyrst og fremst verði litið til þess hvort einstaklingum og lögaðilum býðst að kaupa áskriftir af þjónustunni hér á landi. Að auki verði litið til atriða eins og aðaltungumáls fjölmiðlaþjónustunnar og þess hvort ritstjórnarefni, auglýsingum og öðru efni er með öðrum hætti beint sérstaklega til neytenda hér á landi.

Um 4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um undanþegna aðila. Í 1. mgr. er lagt til að Ríkisútvarpið verði undanþegið greiðslu menningarframlags, með vísan til þeirra skyldna sem nú þegar hvíla á

Ríkisútvarpinu um þátttöku þess í kvikmynda- og sjónvarpsgerð, m.a. með kaupum af sjálfstæðum framleiðendum, sbr. umfjöllun í kafla 3.1. Hið sama gildi um aðra sambærilega fjölmiðla sem heyra undir lög um um almannabjónustufjölmiðla í öðrum EES-ríkjum.

Skyldur Ríkisútvarpsins eru skilgreindar í lögum um Ríkisútvarpið og í þjónustusamningi sem ráðherra gerir við Ríkisútvarpið, sbr. 4. mgr. 2. gr. laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013. Má þar nefna skyldur sem snúa að rækt við íslenska tungu og þátttöku Ríkisútvarpsins í íslenskri kvikmynda- og sjónvarpsþáttagerð, m.a. með kaupum á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum. Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu ársins 2024 námu rekstrartekjur Ríkisútvarpsins af innheimtu útvarpsgjaldi 8.604 millj. kr. Ríkisútvarpið varði alls 784 millj. kr. án virðisaukaskatts til kaupa eða meðframleiðslu á dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum árið 2024, sem voru um 9,1% tekna af innheimtu útvarpsgjaldi það ár.

Skipting efnis sem keypt var af sjálfstæðum framleiðendum var samkvæmt meðfylgjandi töflu, sem fengin er úr ársskýrslu Ríkisútvarpsins ohf. 2024.

Sjálfstæðir framleiðendur 2024	
Sjónvarp	762.194.335 kr.
Útvarp	22.101.500 kr.
Samtals	784.295.835 kr.

10 stærstu
Compass ehf.
Felix og Klara ehf
Gullslottið ehf.
i24 ehf
Pera Production ehf.
Republik ehf.
Saga Film hf.
Skot - productions ehf.
Ungar kvikmyndafélag ehf.
Vigdís production ehf.

Í 2. mgr. er lagt til að streymisveitur með veltu undir 20.000.000 kr. eða áskrifendafjölda undir 1% af fjölda heimila hér á landi greiði ekki menningarframlag. Með fjölda heimila hér á landi er vísað til fjölda heimila á Íslandi 1. janúar 2025 samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands.

Í 3. mgr. er lagt til að streymisveitur sem eingöngu miðla íþróttafni, fréttum eða trúarlegu efni greiði ekki menningarframlag. Ekki getur talist sanngjarnt að gera þær kröfur til streymisveitna sem bjóða eingöngu upp annars konar efni, t.d. beinar útsendingar frá

íþróttakappleikjum, fréttir eða trúarlegt efni, að þær fjárfesti í leiknum kvikmyndum, leiknum sjónvarpsþáttum eða heimildamyndum.

Þá leiðir af skilgreiningu á hugtakinu fjölmiðill að mynddeilipjónustur og mynddeiliveitur, eru undanþegnar gildissviði frumvarpsins, enda miðla þær ekki efni sem lýtur ritstjórn, sbr. skýringu við hugtakið ritstjórn í umfjöllun um 2. gr.

Um 5. gr.

Í 1. mgr. segir að skattskyld streymisveita, umboðsmaður hennar eða annar sá aðili sem er í fyrirsvari fyrir hana, skuli ótilkvaddur tilkynna starfsemi sína hér á landi til skráningar á því formi sem ríkisskattstjóri ákveði. Hafi streymisveita, sem að mati ríkisskattstjóra telst skráningarskyld, eigi tilkynnt starfsemi sína til skráningar, skuli ríkisskattstjóri úrskurða hana sem skattskyldan aðila og tilkynna henni þar um. Í 2. mgr. segir að hafi streymisveita, sem að mati ríkisskattstjóra er skráningarskyld eigi tilkynnt starfsemi sína til skráningar, skal ríkisskattstjóri úrskurða hana sem skattskyldan aðila skv. 3. gr. og tilkynna henni þar um.

Þess má geta að streymisveitur eru skráningar- og tilkynningaskyldar samkvæmt ýmsum sérlögum. Innlendum streymisveitum ber að tilkynna starfsemi sína til Skattsins á grundvelli 5. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988. Hið sama á við um erlend atvinnufyrirtæki, þ.m.t. streymisveitur, með heimilisfesti eða fasta starfsstöð erlendis sem selja þjónustu sem veitt er rafrænt, þ.m.t. útvarps- og sjónvarpsþjónustu, til annarra en atvinnufyrirtækja hér á landi, sbr. 5. mgr. 35. gr. laganna.

Auk þess ber fjölmiðlaveitum í íslenskri lögsögu að skrá starfsemi sína á grundvelli 14. eða 17. gr. laga um fjölmiðla, nr. 38/2011, eftir formi þjónustunnar. Eitt markmið þeirra ákvæða er að auðvelda fjölmiðlanefnd að annast eftirlitsskyldur sínar og hafa yfirlit yfir fjölmiðla sem falla undir gildissvið laganna.

Ljóst er að skilgreiningin á streymisveitu getur haft mikla þýðingu um réttarstöðu aðila. Ef upp koma vafatilvik við það mat er lagt til í 2. mgr. að ríkisskattstjóra verði heimilt að leita umsagnar hjá fjölmiðlanefnd um það hvort þjónustuveitandi teljist streymisveita í skilningi laganna. Helgast það af því að innan fjölmiðlanefndar er til staðar þekking og reynsla við meðferð mála sem varða skráningaskyldu fjölmiðla og mat á því hvort miðlun efnis teljist fjölmiðlun, þ.m.t. myndmiðlun eftir pöntun, í skilningi laga um fjölmiðla. Við umsögn fjölmiðlanefndar er gert ráð fyrir að svipuðum aðferðum verði beitt og við mat á því hvort miðlun efnis fellur innan eða utan gildissviðs laga um fjölmiðla. Að fenginni þeirri umsögn ákveði ríkisskattstjóri hvort mat fjölmiðlanefndar gefi tilefni til skráningar samkvæmt frumvarpinu og viðkomandi aðili verði úrskurðaður sem skattskyldur aðili.

Um 6. gr.

Lagt er til að stofn til útreiknings menningarframlags verði heildartekjur streymisveitu af sölu áskrifta að ólínulegri myndmiðlun til einstaklinga og lögaðila hér á landi á næstliðnu almanaksári. Lagt er til að miðað verði við almanaksár fremur en reikningsár, meðal annars til að gæta samræmis milli innlendra og erlendra aðila. Undanskildar verði áskriftartekjur af línulegri dagskrá sem gerð er aðgengileg á streymisveitu eftir pöntun og tekjur af erlendu endurvarpi. Tekjur af þáttasöluþjónvarpi, þ.e. sölu á stökum kvikmyndum, þáttum og viðburðum (e. pay per view), teljast ekki til áskriftartekna og þar með ekki til skattstofns. Dæmi um slíka þjónustu er Síminn Bíó og Leiga Sýnar hér á landi en það eru þjónustur þar sem hægt er að kaupa tímabundinn aðgang að stökum kvikmyndum.

Lagt er til að skattur nemi 5% af skattstofni. Er framangreint hlutfall talið til þess fallið að samræmast sjónarmiðum um meðalhóf og ná því markmiði sem að er stefnt, án þess að fela í sér of íþyngjandi skyldur.

Jafnframt er lagt til að skattur lækki í samræmi við umfang beinna fjárfestinga í framleiðslu á innlendu efni og falli niður þegar beinar fjárfestingar í framleiðslu á innlendu efni nemi 5% af gjaldstofni.

Í frumvarpinu gerð tillaga um að kostnaði við beina fjárfestingu í innlendu efni sem umfram er 5% af stofni til útreiknings menningarframlags skuli dreifa á allt að þrjú ár, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir eftirstöðvum kostnaðar á því ári sem kostnaður féll til í skýrslu til Skattsins, með upplýsingum um stofn til útreiknings menningarframlags hér á landi á næstliðnu almanaksári og upplýsingum um kostnað við beina fjárfestingu í hljóð- og myndefni.

Með því að dreifa kostnaði við dýra og tímafreka framleiðslu á þriggja ára tímabil má uppfylla skilyrði um beina fjárfestingu öll þrjú árin. Þannig yrðu eftirstöðvar kostnaðar sem umfram væru 5% af stofni til útreiknings menningarframlags á því ári sem kostnaður fellur til, dregnar frá menningarframlagi næstu tveggja ára á eftir. Til dæmis gæti kostnaður, vegna leikins efnis sem fyrirhugað er að frumsýna 2029, dreift á árin 2027, 2028 og 2029 og skilyrði um beina fjárfestingu uppfyllt öll árin.

Lagt er til að hafi skattskyldur aðili hlotið styrk, endurgreiðslu eða annað fjárframlag frá opinberum aðilum hér á landi, vegna verkefnis sem fjárfest var í, sbr. 1. tölul. 2. gr., dragist styrkurinn frá kostnaði vegna fjárfestinga í allt að fjögur ár. Með styrk, endurgreiðslu eða öðru fjárframlagi er t.d. átt við úthlutanir úr Kvikmyndasjóði eða endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, á grundvelli laga um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi, nr. 43/1999.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um verkefni Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, sem annast efnislegt mat á því hvort það efni sem streymisveitur fjárfesta í teljist innlent efni í skilningi 4. tölul. 2. gr. Þykir eðlilegt að Kvikmyndamiðstöð Íslands fái það hlutverk, þar sem starfsmenn hennar hafa nauðsynlega reynslu og fagþekkingu á kvikmyndamálum. Í greininni er skilgreind tímalína vegna umsókna streymisveitna um staðfestingu á því að fjárfest hafi verið í innlendu efni. Samkvæmt 1. mgr. skal umsókn streymisveitu þar um berast rafrænt á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður á því ári sem fjárfest er. Gert er ráð fyrir að ríkisskattstjóri auglýsi í tæka tíð á hvaða formi og með hvaða hætti umsókninni verði skilað.

Lagt er til í 2. mgr. að Kvikmyndamiðstöð Íslands ákvarði hvort fallist verði á umsókn innan átta vikna frá móttöku fullnægjandi umsóknar. Einnig er lagt til að staðfesting Kvikmyndamiðstöðvar Íslands vegna tilgreinds verkefnis gildi í allt að fimm ár, að umsóknarárinu meðtöldu en reglan er sett til hagræðis fyrir skattskylda aðila, til að ekki þurfi að sækja um staðfestingu árlega vegna verkefna sem kunna að taka fleiri ár í framleiðslu.

Í 3. mgr. er kveðið á um að Kvikmyndamiðstöð Íslands hafi eftirlit með staðfestum verkefnum og geti afturkallað staðfestingu að hluta eða öllu leyti komi í ljós að umsókn hefur byggt á röngum eða villandi upplýsingum sem leitt hefði til þess að staðfesting hefði ekki verið veitt hefðu réttar upplýsingar legið fyrir. Lagt er til að afturköllun geti tekið til yfirstandandi almanaksárs og tveggja undanfarandi.

Í 4. mgr. er fjallað um skyldu streymisveitu til að veita Kvikmyndamiðstöð Íslands allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru til að staðreyna hvort forsendur séu til staðar fyrir

að veita staðfestingu skv. 2. mgr. eða hvort breyting hafi orðið frá því að staðfesting var veitt, þannig að afturköllun sæti.

Í 5.mgr. kemur fram að Kvikmyndamiðstöð Íslands tilkynni skattskyldum aðila og ríkisskattstjóra um ákvarðanir sínar samkvæmt lagagreininni.

Um 8. gr.

Ákvæðið fjallar um upplýsingaskipti og afhendingu ríkisskattstjóra á gögnum til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands. Ákvæðið tekur til upplýsinga og gagna sem nauðsynleg þykja við framkvæmd laganna og kveður á um að farið verði með upplýsingar og gögn sem trúnaðarmál og að þau verði aðeins notuð í samræmi við upplýsingabeidni ríkisskattstjóra. Slík trúnaðarskylda kann að leiða beint af lögum eða eftir atvikum af eðli viðkomandi upplýsinga eða gagna. Í því sambandi má sérstaklega nefna að streymisþjónustuveitendur kunna að vera bundnir trúnaði við viðsejendur sína auk þess sem ýmsar rekstrarlegar upplýsingar eru þess eðlis að rétt er að um þær ríki trúnaður.

Í fyrsta lagi er í 1. mgr. kveðið á um að ríkisskattstjóra sé heimilt, samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði, að afhenda Kvikmyndamiðstöð Íslands upplýsingar og gögn sem máli skipta við afgreiðslu umsóknar og eftirfylgni með staðfestum verkefnum skv. 7. gr. Ákvæðinu er ætlað að tryggja að Kvikmyndamiðstöð Íslands geti annast mat á því hvort efni sem fjárfest var í teljist innlent efni í skilningi frumvarpsins. Greinin miðar einnig að því að stofnunin geti komið ábendingum á framfæri við ríkisskattstjóra, t.d. ef tilgreindur kostnaður við beina fjárfestingu gefur tilefni til að ætla að ekki sé fullt samræmi á milli hans og þess efnis sem fjárfest var í. Ríkisskattstjóra er eftirlátið mat á því hvort sett eru sérstök skilyrði fyrir afhendingu upplýsinga eða gagna en jafnframt kann að vera um upplýsingar eða gögn að ræða sem ekki er nauðsynlegt að farið verði með sem trúnaðarmál eða önnur sérstök skilyrði sett varðandi meðferð þeirra.

Í öðru lagi er í 2. mgr. kveðið á um þagnarskyldu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands á grundvelli X. kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, vegna upplýsinga sem veittar eru samkvæmt lögunum.

Um 9. gr.

Í greininni er að finna fyrirmæli um bókhald og árlega skýrslugjöf streymisveitna til Skattsins, með upplýsingum um stofn til útreiknings menningarframlags hér á landi á næstliðnu almanaksári og upplýsingum um beina fjárfestingu streymisveitna í framleiðslu á innlendu efni. Skýrslugjöfin er nauðsynleg forsenda fyrir álagningu og innheimtu menningarframlags. Gert er ráð fyrir að Skatturinn auglýsi í tæka tíð á hvaða formi og með hvaða hætti skýrslunni verði skilað.

Kveðið er á um að tekjum vegna sölu áskrifta skuli haldið aðgreindum frá annarri starfsemi lögaðila í reikningsskilum streymisveitu og að gögn skuli vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óski þess. Þá kemur fram að fjárhæðir og forsendur þeirra skuli vera staðfestar af óháðum, löggiltum endurskoðanda.

Um 10. gr.

Í greininni kemur fram að ríkisskattstjóri annist álagningu menningarframlags og skuli hún fara fram eigi síðar 1. nóvember ár hvert. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um gjalddaga og eindaga menningarframlags. Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um álagsgreiðslur sem skattaðila er gert að sæta ef greiðsla menningarframlags er ekki innt af hendi á tilskildum tíma. Skal þá skattskyldur aðili sæta álagi til viðbótar skatti samkvæmt skýrslu sem skilað er á grundvelli 1. mgr. 9. gr. Fylgt er sömu grundvallarreglum og nú eru í lögum um virðisaukaskatt, nr. 90/2003. Sama gildir ef skýrslu skv. 1. mgr. 9. gr. hefur ekki verið skilað eða verið ábótavant. Álag skal vera 1% af þeirri fjárhæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó að hámarki 10%.

Um 13. gr.

Í ákvæðinu er fjallað um kærueimild en samkvæmt ákvæðinu er veittur 30 daga frestur til að beina kærum til yfirséðanefndar vegna ákvörðunar ríkisskattstjóra um fjárhæð og greiðslu menningarframlags og reiknast fresturinn frá dagsetningu ákvörðunar ríkisskattstjóra. Kæra skal vera skrifleg og kærunni skal fylgja frumrit eða endurrit ákvörðunar ríkisskattstjóra sem kærán tekur til. Í kærunni skal koma fram hvaða atriði í ákvörðuninni sæta kæru og rökstuðningur fyrir kröfum. Gögn, sem ætluð eru til stuðnings kærunni, skulu fylgja í frumriti eða endurriti. Úrskurðir yfirséðanefndar eru fullnaðarúrskurðir á stjórnsýslustigi, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um yfirséðanefnd, nr. 30/1992.

Þá er einnig veittur 30 daga frestur til að beina kærum til [ráðherra], vegna niðurstöðu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands um mat á innlendu efni. Reiknast fresturinn frá dagsetningu tilkynningar Kvikmyndamiðstöðvar Íslands til viðkomandi skattskylds aðila. Kæra skal vera skrifleg og kærunni skal fylgja frumrit eða endurrit af tilkynningu Kvikmyndamiðstöðvar Íslands sem kærán tekur til.

Um 14. gr.

Í greininni er fjallað um ráðstöfun menningarframlags. Fram kemur að ráðstöfun tekna, sem innheimtar verða á grundvelli laganna, verði í samræmi við markmiðsákvæðið. Innheimt fé renni í ríkissjóð, sbr. 37. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Til að unnt verði að ná því markmiði sem að er stefnt með lagasetningu miðast tillagan við að framlag ríkisins í Kvikmyndasjóð verði hækkað sem þeirri fjárhæð nemur, með þeim fyrirvara að Alþingi ákveður skiptingu fjárheimilda til málefnasviða og málaflokka í fjárlögum ár hvert.

Um 15. gr.

Í greininni er tiltekið að ákvæði laga um tekjuskatt, nr. 90/2003 gildi um álagningu, innheimtu, skýrslugjafir, tilhögun bókhalds, eftirlit, upplýsingaskyldu, viðurlög, kærur og aðra framkvæmd samkvæmt frumvarpinu, eftir því sem við geti átt, svo fremi sem ekki sé kveðið á um annað í frumvarpinu. Þarfnast ákvæðið að öðru leyti ekki frekari skýringar.

Um 16. gr.

Með greininni er lagt til að [ráðherra] sé heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd þessara laga og þarfnast ákvæðið ekki nánari skýringar.

Um 17. gr.

Greinin fjallar um gildistöku og þarfnast ekki skýringar.